



Mánaðarskýrsla Kópavogsbæjar. Útgefin í desember 2014. Nær til starfsemi í nóvember 2014.



Fjármál

	Bókað	Áætlun	Mismunur	%
Tekjur	26.366.383.476	26.025.642.819	340.740.657	101
Gjöld án fjármagnsliða	22.350.334.481	21.917.274.031	433.060.450	102
	Bókað	Áætlun		
Grunnskólar	4.965.790.082	4.744.812.885	220.977.197	105
Leikskólar	3.106.305.201	2.939.500.519	166.804.682	106
Félagsþjónustan	1.638.566.284	1.567.050.472	71.515.812	105
Menningarmál	384.492.264	363.614.878	20.877.386	106
Æskulýðs- og íþróttamál	2.042.945.592	2.032.550.488	10.395.104	101
Sameiginlegur kostnaður	841.235.928	848.065.011	-6.829.083	99

Fréttir

Föstudaginn 7. nóvember var gengið gegn einelti í öllum níu skólahverfum Kópavogsbæjar. Leik- og grunnskólabörn gengu saman í fylgd kennara og starfsfólks skólanna en markmið göngunnar eru að stuðla að jákvæðum samskiptum og vekja athygli á því að einelti sé aldrei liðið. Í tilefni göngunnar, sem nú var farin í annað sinn, fengu börnin afhent endurskinsmerki með merki bæjarins öðrum megin og orðunum: Gegn einelti, hinum megin.

Efnt


var til íbúasamráðs í Smárahverfi þar sem kynntar voru hugmyndir að deiliskipulagi sunnan Smáralindar. Þá var verkefnið hverfisáætlun Smárans kynnt og haldinn vinnufundur með íbúum. Góð þátttaka var á fundinum sem er sá fyrsti af fundum í tengslum við hverfisáætlun Kópavogsbæjar.




Aðventuhátíð

Kópavogsbæjar var haldin laugardaginn 29. nóvember. Tendrað var á jólatré Kópavogsbæjar á Hálsatorgi, skemmtiatriði voru á torginu, jólahús með varningi og jólalegt fjör af ýmsu tagi í miðbæ Kópavogs þessa fyrstu helgi í aðventu. Í menningarhúsunum var jólaleg dagskrá, í safnaðarheimili Kópavogskirkju var sýningin Hönnun og handverk og listamenn í Kópavogi opnuðu vinnustofur sínar.





Skólahljómsveit Kópavogs, fimleikafélagið Gerpla og Kjarninn, félagsmiðstöðin í Kópavogsskóla og Kópavogsskóli fengu jafnréttis- og mannréttindaviðurkenningar Kópavogs fyrir árið 2104 og voru þær viðurkenningar afhentar í nóvember 2014.

Rekstur helstu málaflokka

















Velferðarmál









* miðað er við sveitarfélag lögheimilis við skráningu (áður sveitarfélag dvalarstaðar) frá og með nóvember 2013








Ýmsar mælingar





Starfsmannamál



Heildarlaun starfsmanna Kópavogsbæjar eru í milljónum króna. ML04 stendur fyrir útborguð mánaðarlaun 1. apríl. Tölur eru með launatengdum gjöldum.